



# Umræðuskjal vegna stefnumótunar fyrir 44. þing ASÍ 2020

*Afgreitt í miðstjórn ASÍ 24. júní 2020*



## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	3
1. Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni: góð og græn störf .....	4
2. Réttindi á vinnumarkaði og félagsleg vernd .....	8
3. Menntun til framtíðar .....	11
4. Réttlátt skattkerfi .....	13



## INNGANGUR

44. þing ASÍ 2020 er haldið í skugga efnahagskreppu vegna COVID-faraldursins. Þingið fer líka fram í upphafi hrinu breytinga vegna tækniþróunar og loftslagskrísunnar. Þær breytingar munu hafa gríðarleg áhrif á vinnumarkaði og tilfærslu úr neysluhagkerfi í hringrásarhagkerfi sem munu leiða til víðtækra breytinga á atvinnu- og lífnaðarháttum. Störf munu breytast, sum störf hverfa og ný verða til. Verkalýðshreyfingin þarf að leiða þessar breytingar í því skyni að tryggja meiri jöfnuð og afkomuöryggi fyrir alla.

Alþjóðlega verkalýðshreyfingin hefur þróað ramma utan um samfélagsbreytingar næstu ára undir yfirskriftinni *réttlát umskipti*. Markmiðið er að tryggja réttindi og lífsviðurværi fólks í gegnum breytingar á atvinnu- og lífnaðarháttum vegna loftslagsbreytinga, samhliða því að tekist er á við áhrif nýrrar tækni, gervigreindar og sjálfvirknivæðingar. Grunnstefið í réttlátum umskiptum er að breytingarnar þurfi að vera réttlátar gagnvart launafólki, ekki síst í þeim atvinnugreinum sem munu gjörbreytast eða jafnvel hverfa í tengslum við tækniþróun og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Hugmyndafræði *réttláttra umskipta* gerir ráð fyrir að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðar séu leiðandi í að móta breytingar á samfélaginu með það að markmiði að tryggja víðtæka samstöðu um leiðir til að mæta áskorunum 21. aldarinnar. Í því felst meðal annars að greina áhrif aðgerða á mismunandi samfélagshópa og tryggja að þær komi ekki sérstaklega niður á ákveðnum hópum og verði ekki til þess að auka á ójöfnuð. Í þeim tilfellum þar sem hætta er á að ákveðnir hópar verða illa úti vegna breytinga sé gripið til mótvægisáðgerða.

Í þessu umræðuskjali er lagt til að *réttlát umskipti* verði leiðarstefið í nálgun ASÍ á þær breytingar sem framundan eru í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði. *Réttlát umskipti* ganga sem rauður þráður í gegnum þessi drög að stefnumótun sem sett eru fram í fjórum liðum: 1) Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni, 2) Réttindi á vinnumarkaði og félagsleg vernd, 3) Menntun til framtíðar og 4) Réttlátt skattkerfi sem tryggir jöfnuð og fjármagnar velferð.

Markmið til framtíðar er að byggja upp fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf þar sem allir geta fengið störf við hæfi. Til þess þarf vinnumarkaðurinn að byggja á traustum ráðningarsamböndum, skipulagðri verkalýðshreyfingu og kjarasamningum, auk þess að styðja gott samspil vinnu, fjölskyldulífs og frístunda. Jafnframt verði afkoma fólks tryggð óháð stöðu, grunnviðir samfélagsins stórefldir og grunnþjónusta sem lýtur að menntun, velferð og heilbrigði gerð gjaldfrjál og öllum aðgengileg. Þannig býr Ísland sig undir tæknibreytingar og nýja atvinnu- og lífnaðarhætti.



## 1. ÖFLUGT ATVINNULÍF Á SJÁLFBÆRUM GRUNNI: GÓÐ OG GRÆN STÖRF

*Loftlagsbreytingar af mannavöldum er ein stærsta áskorun samtímans og hefur þegar haft víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf, lífskjör og afkomu almennings um allan heim. Ísland hefur skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að minnka hnattræna hlýnun. Ísland þarf að uppfylla alþjóðaskuldbindingar sem óhjákvæmilega munu hafa áhrif á vinnumarkaðinn. Skuldbindingarnar verða ekki uppfylltar án kostnaðar en fórnarkostnaður aðgerðarleysis er þó langtum meiri. Umbreytingar þessu tengdar fela í sér tækifæri til jákvæðra samfélagsbreytinga en ef ekkert verður aðhafst munu breytingarnar hafa afar neikvæð áhrif á samfélagið. Sterk verkalýðshreyfing er forsenda réttlátra umskipta.*

*Ísland er ríkt af náttúruauðlindum, hagkvæm og sjálfbær nýting og verndun þeirra er hornsteinn að öfluggu og fjölbreyttu atvinnulífi. Til að Ísland geti uppfyllt skuldbindingar sínar í loftslagsmálum verður að leggja aukna áherslu á sjálfbærni þar sem auðlindir landsins eru í forgrunni. Okkur ber skylda til að byggja upp sjálfbært samfélag þar sem velferð okkar í dag rýrir ekki velferð komandi kynslóða né kjör annarra þjóða.*

*Aðrar áskoranir sem atvinnulífið um heim allan stendur frammi fyrir eru breytingar á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og tækniþróunar. Þessar breytingar setja frekari þrýsting á samfélög á að nýta tæknina til að auka hagsæld og velferð samfélagsins og að aðlagast örum breytingum. Samfélagsþróun og sjálfvirknivæðing kemur til með að breyta samsetningu starfa á vinnumarkaði og mun störfum fækka í sumum greinum en fjölga í öðrum. Þau lönd sem bregðast hratt við verða í betri stöðu til að nýta breytingar til bættra lífskjara almennings og samkeppnishæfni. Til þess að svo megi verða þarf öflugt og sveigjanlegt menntakerfi sem mætir nýjum þörfum atvinnulífsins, sterka félagslega innviði og afkomutryggingu.*

*Í kjölfarið gefst tækifæri til að skapa græn og sjálfbær störf sem standa undir góðum lífskjörum um land allt.*

- Störf sem bjóða upp á öruggar, heilbrigðar og mannsæmandi vinnuaðstæður.
- Störf sem leggja sitt af mörkum til að vernda umhverfið.
- Störf sem styrkja velferð og jafnrétti.
- Störf sem efla nýsköpun þar sem hagnýting hugvits verður grundvöllur samkeppnishæfni landsins.
- Störf sem byggja á þeirri þekkingu sem þegar er til staðar og sterkum innviðum landsins.

*Slík tækifæri verða ekki nýtt nema með skýrri stefnumótun og hnitmiðuðum aðgerðum hins opinbera í samstarfi við verkalýðshreyfinguna.*



## ÁHERSLUR ASÍ

### **Áhrif loftslags- og tæknibreytinga á skipulag vinnumarkaðarins**

Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar er að móta skýra stefnu um viðbrögð við breytingum á vinnumarkaði þannig að *réttlát umskipti* verði leiðarljós í allri stefnumótun.

- Verkalýðshreyfingin þarf að koma að ákvarðanatöku og stefnumótun sem varðar aðgerðir tengdum loftslagsbreytingum.
- Tryggja þarf að allir hópar og hagaðilar taki þátt í að þróa samfélagið í átt að sjálfbærni og að þær byrðar og þau tækifæri sem í breytingunum felast dreifist með réttlátum og sanngjörnum hætti.
- Framkvæma þarf þjóðhagslega greiningu á áhrifum loftslags- og tæknibreytinga á vinnumarkaðinn.
  - Greina þarf áhrif á ólík svæði, atvinnugreinar, störf og hópa þannig að hægt sé að bregðast við fyrirséðum breytingum með aðgerðum í vinnumarkaðs-, atvinnu-, mennta- og velferðarmálum.
  - Greint sé með hvaða hætti megi þróa vinnumarkaðinn og hagkerfið í átt að sjálfbærni og kolefnishlutleysi.
- Ráðast þarf í langtíma stefnumótun um uppbyggingu atvinnulífs framtíðar með tilliti til samfélags-, loftslags- og tæknibreytinga.

### **Breytingar á atvinnulífi og þróun starfa**

Mörg störf sem við þekkjum í dag munu hverfa en á móti skapast ný tækifæri þegar ný störf verða til en til þess þarf atvinnulífið að búa við innviði í fremstu röð og skýra stefnu í atvinnumálum.

- Innviðafjárfesting verði stórefld og innviðir samfélagsþjónustu, samgangna, fjarskipta og raforku verði í fremstu röð um land allt og styðji við atvinnusköpun.
- Áhersla verði lögð á að hraða orkuskiptum:
  - Stjórnvöld setji aukið fjármagn í uppbyggingu innviða vegna orkuskipta í samgöngum og flýti uppbyggingunni.
  - Vistvænar almenningssamgöngur verði bættar til muna þannig að þær verði raunhæfur og hagkvæmur valkostur fyrir almenning og endurbótum og uppbyggingu á þeim flýtt.
- Nýsköpun verði stórefld með það að markmiði að stuðla að fjölbreyttu sjálfbæru atvinnulífi, fjölga verðmætum grænum störfum um land allt og stytta virðiskeðjur.



- Hringrásarhagkerfi verði byggt upp og hagkerfið þróað í þá átt að verðmætasköpun byggi á endurnýtingu, endurvinnslu og fullnýtingu á verðmætum og auðlindum og dregið verði úr álagi á vistkerfi.
- Skapaðir verði hvatar sem ýta undir og styðja við þróun núverandi fyrirtækja í átt að sjálfbærni og stuðla að sköpun nýrra fyrirtækja með starfsemi sem byggir á markmiðum um sjálfbærni.
- Hvötum verði komið á sem stuðla að því að fyrirtæki staðsetji starfsemi, nýsköpun og framleiðslu á landsbyggðinni.
- Erlend fjárfesting verði aukin í atvinnugreinum og störfum sem samræmast atvinnu- og umhverfisstefnu Íslands.
- Lýðræði í atvinnulífinu verði aukið og mismunun á ólíkum rekstrarformum verði útrýmt. Lagaumhverfi í kringum samvinnufélög verði bætt þannig að samvinnurekstur verði jafn eftirsóknarverður og hagstæður og annars konar rekstrarform.

### ***Góð græn störf og fjölbreytt atvinnulíf***

Móta þarf atvinnustefnu fyrir Ísland þannig að hér verði til góð græn störf sem standa undir góðum lífskjörum um land allt. Störf sem bjóða upp á öruggar, heilbrigðar og mannsæmandi vinnuaðstæður.

- Atvinnulíf sem byggir bæði á sterkum grunni starfa í almannþjónustu og framsæknum störfum á almenna vinnumarkaðinum.
- Lögð verði áhersla á að fjölga störfum þar sem verðmætasköpun felst í tækni, hugviti og þekkingu.
- Ráðist verði í átak til að fjölga störfum í iðn- og tæknigreinum.
- Lögð verði áhersla á að verðmætasköpun og fullnýting afurða leggi grunn að góðum störfum í sjávarútvegi og matvælaíðnaði.
- Á Íslandi sé sjálfbær ferðaþjónusta sem byggir ekki á hömlulausri fjölgun ferðamanna heldur aukinni verðmætasköpun.
- Störfum við skapandi greinar, menningu, listir og afþreyingu verði gert hærra undir höfði og stuðningur við þau aukinn.

### ***Ítarefni***



[https://www.asi.is/media/314748/tekjuskirting\\_jofnudur\\_afgreitt-til-asi-thingsins\\_sms-copy.pdf](https://www.asi.is/media/314748/tekjuskirting_jofnudur_afgreitt-til-asi-thingsins_sms-copy.pdf)

[https://www.asi.is/media/314749/taeknithroun\\_skipulagvinnu\\_afgreitt-til-asi-thingsins\\_sms.pdf](https://www.asi.is/media/314749/taeknithroun_skipulagvinnu_afgreitt-til-asi-thingsins_sms.pdf)

[https://www.ilo.org/weso-greening/documents/WESO\\_Greening\\_EN\\_chap2\\_web.pdf](https://www.ilo.org/weso-greening/documents/WESO_Greening_EN_chap2_web.pdf)



## 2. RÉTTINDI Á VINNUMARKAÐI OG FÉLAGSLEG VERND

*Íslenskt atvinnulíf og vinnumarkaður standa frammi fyrir miklum breytingum á næstu misserum og árum. Breytingum sem þegar eru hafnar sem afleiðingar af nýjum áherslum í umhverfismálum og tæknibreytingum með gervigreind og aukinni sjálfvirkni.*

*Þróunin á vinnumarkaði felst í að fjöldi starfa hverfur eða taka miklum breytingum og ný störf verða til. Jafnframt eru að verða miklar breytingar á skipulagi vinnunnar og sambandi þeirra sem selja vinnuafli sitt og vinnu og þeirra sem hana kaupa. Þessar breytingar fela m.a. í sér minna starfsöryggi og ótryggt vinnusamband í stað hefðbundins ráðningarsambands á milli launafólks og atvinnurekenda sem hvílir á grunni hefðbundinna kjarasamninga.*

*Til að takast á við þróunina á vinnumarkaði og þær breytingar sem þar eru í gangi er mikilvægt að styrkja stoðir vinnumarkaðskerfis sem byggir á öflugum samtökum launafólks, kjarasamningum sem ná til vinnumarkaðarins alls, reglum um vinnusamband og öryggisnet sem tryggja öllum afkomuöryggi. Samhliða þarf að vera til staðar öflugt eftirlit sem tryggir að kjör og réttindi launafólks séu virt og hörð viðurlög við launabjófnaði og öðrum brotum.*

### ÁHERSLUR ASÍ

#### **Skipulag vinnumarkaðar og hagsmunir launafólks<sup>1</sup>**

Tryggja þarf löggjöf sem ramar inn stóru línurnar varðandi réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda á vinnumarkaði og samskipti stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við að verja og þróa frekar heilbrigðan vinnumarkað. Rammi sem byggir á norræna vinnumarkaðsmódelinu og þjónar *réttlátum umskiptum* á vinnumarkaði. Þar sem:

- Kjarasamningar eru grundvallarregla við ákvörðum launa og annarra starfskjara.
- Vinnustaðaeftirlit og heimildir stjórnvalda í samstarfi við stéttarfélögin til upplýsinga frá atvinnurekendum um framkvæmd kjarasamninga eru skýrar og viðurlög við brotum svo sem sektir og féviti lögfest.
- Lögfestur er formlegur vettvangur ríkisstjórnar, stjórnvaldsstofnana og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um og greina stöðu og þróun á vinnumarkaði (þ.m.t. brotastarfsemi) og hvaða eftirfylgni og aðgerða er þörf.

<sup>1</sup> Lög um starfskjör launafólks..... nr. 55/1980 <https://www.althingi.is/lagas/150b/1980055.html> eru grunnur sem byggja má á og þróa frekar bæði í ljósi þeirra takmarkana sem er að finna í lögnum og til að takast á við þær breytingar sem nú eru að verða á vinnumarkaði og skipulagi vinnunnar í tengslum við umhverfismálin og tæknipróun. Sjá einnig skýrslu samstarfshóps félagsmálaráðherra frá janúar 2019: <https://www.stjornarradid.is/efst-abaugi/frettir/stok-frett/2019/01/31/Skyrsla-samstarfshops-um-undirbod-og-brotastarfsemi-a-innlendumvinnumarkadi/> og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 3. apríl 2019: [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/STUDNINGUR.4\(vef\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/STUDNINGUR.4(vef).pdf).





### ***Sjálfbærni, tækniþróun og skipulag vinnunnar<sup>2</sup>***

Krafa verkalyðshreyfingarinnar er að ný tækni og breytingar á atvinnuháttum verði á forsendum launafólks en ekki fyrirtækjanna og að vinnumarkaður framtíðar feli í sér tækifæri til bættra lífskjara, styttingar vinnutíma, samræmingu atvinnuþátttöku og einkalífs og afkomuöryggis:

- Setja verður skýrar skyldur á fyrirtæki gagnvart starfsmönnum vegna tækniþreyinga og breytinga á skipulagi vinnunnar. Í því skyni er nauðsynlegt að innleiða reglur um að starfsfólk skuli eiga fulltrúa í stjórnnum fyrirtækja. Einnig að styrkja reglur um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs um allar veigameiri ákvarðanir fyrirtækja.
- Tryggja réttarstöðu og stuðning við launafólk sem missir vinnuna vegna tækniþreyinga, nýrra áherslna í umhverfisvernd og breytts skipulags vinnunnar.
- Tryggja að breytingar á vinnumarkaði skili sér í bættum réttindum launafólks og styðji við aukna sjálfbærni.

### ***Vinnusamband sem byggir á afkomuöryggi og réttindum<sup>3</sup>***

Setja verður löggjöf sem rammur sérstaklega inn „vinnusamband“ - réttindi og skyldur starfsmanna og atvinnurekenda með það að markmiði að:

- Ná til sem flestra tegunda af vinnusambandi þeirra sem framkvæma verkefni og þeirra sem kaupa vinnuframlagið.
- Ramma inn í ráðningarsamninga/samninga um vinnusamband og réttindi og skyldur aðila eins nákvæmlega og kostur er, þar sem ákveðnir grundvallarþættir eru virtir.
- Skyldur atvinnurekenda til að gera slíka samninga séu skýrar og ótvíræðar að viðlögðum sektum sem ganga til starfsmanna.

### ***Vinumarkaðsaðgerðir og velferð á vinnumarkaði<sup>4</sup>***

- Treysta verður öryggisnetið/velferðarkerfið á vinnumarkaði til styðja launafólk við að takast á við breytingar á vinnumarkaði og styrkja stöðu sína.

<sup>2</sup> Stefna ASÍ um tækniþróun og skipulag vinnunnar frá þingi ASÍ 2018 er góður grunnur að byggja á og þróa frekar [https://www.asi.is/media/314928/stefna-um-taeknithroun-og-skipulagvinnu-vinnunnar\\_loka.pdf](https://www.asi.is/media/314928/stefna-um-taeknithroun-og-skipulagvinnu-vinnunnar_loka.pdf).

<sup>3</sup> [https://www.asi.is/media/316548/tilskipun-um-gagnsae-og-fyrirsjaanleg-radningarskilyrði\\_minisblad-12112019\\_hg.pdf](https://www.asi.is/media/316548/tilskipun-um-gagnsae-og-fyrirsjaanleg-radningarskilyrði_minisblad-12112019_hg.pdf)

<sup>4</sup> Sjá m.a. Réttta leiðin - Frá kreppu til lífsgæða fyrir okkur öll <https://www.asi.is/media/316526/asi-rettaleidin-baeklingur.pdf>



- Endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar til að tryggja afkomuöryggi allra sem missa vinnuna. Tryggja að fólk í atvinnuleit geti nýtt tímann til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með því að sækja sér menntun eða auka hæfni sína með öðrum hætti.
- Auka möguleika launafólks til menntunar og efla endur- og eftirmenntun.
- Vinna gegn neikvæðum áhrifum á vinnumarkaðstengd réttindi sem byggja á uppsöfnun og tengjast að jafnaði föstu ráðningarsambandi, s.s. lífeyrisréttindi, veikindaréttur og orlofsréttur.
- Styrkja stoðir starfsendurhæfingar.

### ***Staða og hlutverk stéttarféлага<sup>5</sup>***

Stéttarfélögin gegna lykilhlutverki við að gæta hagsmuna vinnandi fólks er varðar kaup og kjör og önnur réttindi. Til að geta sem best sinnt þessu hlutverki þurfa stéttarfélögin og heildarsamtök þeirra að þróa starfsemi sína og skipulag í samræmi við nýjar og breyttar aðstæður. Áskoranir sem verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir eru m.a.:

- Gera kjarasamninga fyrir öll störf – þróa atvinnugreinasamninga.
- Skipuleggja og gæta hagsmuna launafólks í hefðbundnu ráðningarsambandi og öðrum vinnusamböndum þ.m.t. í „harkhagkerfinu“.
- Styrkja réttarstöðu og vernd trúnaðarmanna í samskiptum við atvinnurekendur svo þeir geti sinnt hlutverki sínu án ótta um stöðu sína og afkomu.
- Tryggja auðveldan og áfallalausn flutning réttinda innan velferðarkerfis verkalýðshreyfingarinnar við atvinnu- eða búsetubreytingar.
- Auka samstarf stéttarféлага og heildarsamtaka þeirra hér á landi og á alþjóðavettvangi.
- Tryggja að stéttarfélög geti sinnt bæði grundvallarhlutverki sínu við gerð kjarasamninga og þjónustuhlutverki sínu gagnvart félagsmönnum.

---

<sup>5</sup> Sjá m.a. Réttta leiðin - Frá kreppu til lífsgæða fyrir okkur öll <https://www.asi.is/media/316526/asi-rettaleidin-baeklingur.pdf>



### 3. MENNTUN TIL FRAMTÍÐAR

*Breytingar í atvinnulífinu og á vinnumarkaði með nýrri tækni og breyttum atvinnuháttum kalla á nýjar áherslur og vinnubrögð. Þær fela í sér nýjar samfélagslegar áskoranir og tækifæri fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið allt. Nýsköpun í atvinnulífinu, örur tæknibreytingar og áhrif loftslagsbreytinga á vinnumarkaðinn, kalla á að einstaklingar endurnýi stöðugt þekkingu sína og færni. Gefa verður öllum tækifæri til að efla færni sína, afla sér menntunar og bæta þar með stöðu sína á vinnumarkaði. Markmiðið er að allir á vinnumarkaði njóti góðs af áhrifum tæknibreytinga í atvinnulífinu. Verkalýðshreyfingin þarf að standa vörð um jafnt aðgengi allra að sí- og endurmenntun, óháð efnahag og búsetu. Til framtíðar þarf að styðja við og styrkja atvinnulíf sem byggir á heilbrigðum vinnumarkaði, réttlátum umskiptum, sjálfbærni, frumkvæði og nýsköpun.*

#### ÁHERSLUR ASÍ

- Menntakerfið<sup>6</sup> í heild sinni þarf að kortleggja með hliðsjón af skipulagi, námsframboði, fjármögnun, markhópum, lýðfræði og búsetu. Í kjölfar kortlagningar verði gerðar tillögur um framtíðarskipulag heildstæðs menntakerfis sem nær til bæði formlegrar og óformlegrar menntunar. Tryggja þarf aðgengi allra að námi óháð búsetu. Leggja þarf áherslu á að þekking og færni nýtist atvinnulífi og einstaklingum í framtíðinni og að nýsköpun og frumkvöðlahugsun verði helstu markmið menntakerfisins.
- Móta þarf [hæfnistefnu](#) fyrir Ísland og mikilvægt að þegar í stað verði skipaður starfshópur á vegum stjórnvalda sem verði falið það verkefni. Í hópnum eigi sæti aðilar vinnumarkaðar, menntakerfis og stjórnvalda. Markmið stefnunnar verði að tryggja að framboð af námi og fræðslu sé í samræmi við þarfir samfélagsins hverju sinni og hagsmuni vinnandi fólks. Nauðsynlegt er að fyrir liggi góð þekking, byggð á [færnisþám](#), um starfstækifæri í einstökum fögum og atvinnugreinum til nokkurra ára svo að hægt verði að móta heildræna stefnu í mennta-, vinnumarkaðs- og atvinnumálum.
- Framboð símenntunar þarf að auka með þarfir einstaklinga, vinnumarkaðar og nútímasamfélags í huga. Tryggja þarf að einstaklingar hafi úrræði til að bæta færni sína og þróa nýja færni til að geta skipt um störf og starfsvettvang. Markmiðið er að allir á vinnumarkaði njóti góðs af þeim áhrifum sem tækni- og loftslagsbreytingar hafa á atvinnulífið og að sí- og endurmenntun styðji við þróun vinnumarkaðarins í átt að sjálfbæru hagkerfi. Færni og þekking þarf að ýta undir sjálfbæra þróun samfélagsins, vinnumarkaðarins og lífsstíls auk þess að hlúa að menningarlegum margbreytileika og kynjajafnrétti.

---

<sup>6</sup> Hér er átt við allt menntakerfið, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og fullorðinsfræðslukerfið.



- Mikilvæg forsenda öflugs og skilvirks starfsnáms á framhaldsskólastigi er að samsetning og framboð sé í góðu samræmi við atvinnulífið á hverjum tíma og framtíðarhorfur. Leggja þarf aukna áherslu á starfsmenntun á öllum skólastigum, samhliða því að stuðla að gagnrýnni hugsun og nýsköpun. Tryggt verði nægilegt framboð á starfsnámi á framhaldsskólastigi og fjármagn aukið verulega til Vinnustaðanámssjóðs til að tryggja betri nýtingu sjóðsins og stöðu þeirra sem eru á námssamningum. Stjórnvöld þurfa að koma til móts við þá sem búa fjarri menntastofnunum og hafa takmarkað aðgengi að námi í sinni heimabyggð.
- Komið verði á fagháskólastigi með formlegum hætti sem m.a. auðveldi aðgang starfsmenntaðra að háskólum. Markmið með þróun fagháskólanáms er að koma til móts við síbreytilegar og vaxandi þarfir atvinnulífsins fyrir fjölbreyttari menntun. Tryggja þarf að þeir sem innritast í verk- og iðnnám eigi möguleika á að klára námið í samfellu og að ekki myndist blindgötur.
- [Raunfærnimat](#) verði aukið á öllum skólastigum og aðgengi einstaklinga að námi og þjálfun í framhaldi af raunfærnimati verði tryggt. Raunfærnimat er eitt öflugasta tækið sem þróað hefur verið til að meta færni fólks á vinnumarkaði og jafnframt hvetja til frekara náms.
- Horfa skal sérstaklega til þarfa innflytjenda og annarra viðkvæmra hópa. Viðurkenna þarf þá þekkingu og menntun sem innflytjendur hafa og þau verðmæti sem þar liggja. Tryggja verður jöfn tækifæri fyrir alla og draga úr ójöfnuði og starfsháttum sem ala á mismunun. Gæta verður þess að full vinna og mannsæmandi störf verði í boði fyrir alla og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.



## 4. RÉTTLÁTT SKATTKERFI

*Ójöfnuður er ógn við lífsgæði, lífslíkur og heilsu fólks. Ójöfnuði er viðhaldið af óréttlátu skattkerfi sem skattleggur tekjur fjármagnseigenda og fjölbjóðafyrirtækja með öðrum hætti en launatekjur. Óréttlátt skattkerfi, fjársveltur eftirlitsstofnanir og aðgerðarleysi stjórnvalda hafa búið til leiðir fyrir einstaklinga og fjölbjóðafyrirtæki að komast hjá þátttöku í fjármögnun samfélagsins. Starfshópur fjármálaráðuneytisins mat að þessi skattaundanskot geti numið hundruðum milljarða eða á bilinu 3-7% af vergri landsframleiðslu ár hvert.<sup>7</sup>*

*Nýlega benti sérfræðingahópur um endurskoðun tekjuskatts- og bótakerfa á að sterkar vísbendingar væru um að reglur um reiknað endurgjald og skattlagningu lítilla fyrirtækja væru misnotaðar og að tilflutningur eigi sér stað milli launa og fjármagnstekna í félögum.<sup>8</sup> Áður hafði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bent á svipaða bresti í reiknuðu endurgjaldi árið 2010.<sup>9</sup> Yfirvöld á Íslandi hafa hins vegar brugðist illa og seint við vísbendingum um skattasniðgöngu og skattaundanskot.*

*Afleiðingar Covid-19 hafa dregið fram mikilvægi öruggs heilbrigðiskerfis, traustra velferðarstoða, tryggrar afkomu og félagslegs öryggisnets. Það veikir þessar grunnstoðir að samfélagið verði af hundruðum milljarða ár hvert vegna undanskota og skattasniðgöngu þeirra sem mest hafa.*

*Hlutverk skattkerfisins er að stuðla að samfélagsátt, tryggja jöfnuð og leggja grunn að velferð þjóðarinnar. Alþjóðastofnanir telja sterk rök fyrir því að skattkerfinu sé beitt til að draga úr ójöfnuði. Réttlátt skattkerfi mun einnig leika lykilhlutverk í að fjármagna velferðarkerfi sem getur mætt afleiðingum Covid-19 og þeim gríðarlegu áskorunum sem felast í loftslags- og tæknibreytingum. Slíkt skattkerfi þarf m.a. að fjármagna með fullnægjandi hætti félagslega innviði á borð við:*

- Gjaldfrjálsra heilbrigðisþjónusta með öruggu aðgengi fyrir alla landsmenn.
- Umönnun og þjónustu við aldraða, fatlaða og börn.
- Aðgengi að fjölbreyttri menntun á öllum skólastigum og að sí- og endurmenntun sem veitir aðgang að góðum störfum.
- Öruggt íbúðarhúsnæði fyrir alla með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði.
- Þjónustu og stuðning við atvinnuleitendur og þá sem takast á við umbreytingar á vinnumarkaði

<sup>7</sup> Sjá nánar <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5ea38a59-572d-11e7-941c-005056bc530c>

<sup>8</sup> Sjá nánar <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Endursko%C3%B0un%20tekjuskatts%20og%20bo%CC%81takerfa.pdf>

<sup>9</sup> Sjá nánar <https://www.imf.org/en/Publications/WP/Issues/2016/12/31/Allocating-Business-Income-between-Capital-and-Labor-under-a-Dual-Income-Tax-The-Case-of-40078>



- Almannatryggingar, fæðingarorlof, atvinnuleysistryggingar og fjárhagsaðstoð sem tryggja mannsæmandi líf skjör.
- Afkomuöryggi þeirra sem falla utan kerfa á íslenskum vinnumarkaði, t.d. innflytjendur og einstaklinga í harkvinnu.

*Þeim áskorunum verður því ekki mætt nema með skattkerfi þar sem þeir best stæðu taka sinn þátt í fjármögnun samfélagsins.*

## ÁHERSLUR ASÍ

### **Að skattkerfið stuðli að samfélagssátt, tryggi jöfnuð og standi undir velferðarstöðum samfélagsins**

ASÍ kallar eftir því að brugðist sé við því óréttlæti sem innbyggt er í núverandi skattkerfi. Breyta þarf skattkerfinu þannig að fjármögnun grunnstoða velferðar sé traust og allir taki þátt í fjármögnun samfélagsins.

- Að hæstu tekjur samfélagsins verði skattlagðar með sérstöku hátekjuþrepi.
- Umbætur verði gerðar á skattlagningu fjármagns og fjármagnstekna með jöfnuð og sanngirni að leiðarljósi.
- Fjármagnstekjur einstaklinga, yfir ákveðnu frítekjumarki, verði skattlagðar með sama hætti og launatekjur og af þeim greitt útsvar.
- Tekinn verði upp auðlegðarskattur til að sporna gegn vaxandi ójöfnuði.
- Breytingar verði gerðar á erfðafjárskatti og honum þrepaskipt þar sem efsta þrep er hátt en frítekjumark einnig stillt þannig að lág- og millitekjuhópar þurfi ekki að greiða íþyngjandi erfðafjárskatt.
- Innleidd verði frítekjumörk fyrir fjármagnstekju-, auðlegðar- og erfðafjárskatta þannig að skattlagning stuðli að auknum jöfnuði.
- Gerðar verði umbætur á kerfi reiknaðs endurgjalds og skattlagningu lítilla fyrirtækja og komið verði í veg fyrir skattaundanskot sem viðgangast í núverandi kerfi.
- Að notendur sameiginlegra auðlinda greiði fyrir það eðlilegt gjald og mótuð verði stefna um auðlindagjöld sem verða til vegna nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar.
- Auðlindagjöld renni að hluta til þeirra byggða þar sem verðmætasköpunin fer fram.
- Veiðigjöld verði hækkuð og tryggt að þjóðin fái réttan hlut í þeim umframardi sem til verður í sjávarútvegi og fiskeldi.
- Tryggt sé að arður af hvers kyns orkunýtingu renni til þjóðarinnar.



- Tekin verði upp komugjöld á ferðamenn.
- Grænum sköttum verði beitt til að draga úr neikvæðum ytri áhrifum af efnahagslegri starfsemi og vinna að markmiðum í loftslagsmálum. Fjármunir nýttir til að tryggja réttláta aðlögun og stuðla að jákvæðum umskiptum. Skoðaðir verði möguleikar á að setja á tíðniskatta á stórnotendur flugþjónustu (e. frequent flyer tax).
- Skatteftirlit stóreflt og skattayfirvöldum tryggðir fjármunir, mannskapur og þekking til að rannsaka og vinna úr flóknum málum.
- Tryggja þarf að skattayfirvöld hafi getu til að framfylgja reglum um CFC félög, milliverðlagningu og þunna eiginfjármögnun.
- Ráðist verði í sérstakt átak til að vinna gegn notkun skattaskjóla, ólöglegri milliverðlagningu og koma í veg fyrir skattasniðgöngu og skattaundanskot.
- Stuðningur hins opinbera til fyrirtækja verði skilyrtur við fyrirtæki sem veita skattayfirvöldum fullar upplýsingar eða hafi engin tengsl við skattaskjól.